

Nd.

155. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og fellst að öllu leyti á hugsun þess, sem er, að þegar frambjóðandi fellur frá og annar býður sig fram í hans stað með fulltingi meiri hl. meðmælenda hins látna frambjóðanda, falli utankjörfundaratkvæði, sem þegar hafa verið greidd hinum fyrri frambjóðanda, á hinn síðari, nema kjósandi hafi greitt atkv. að nýju. Hinsvegar eru bersýnilegir formgallar á frv., svo sem:

- 1) 1. gr. frv. er tengd við 32. gr. kosningalaganna, eins og hún eigi við hana í heild, þó að hún geti ekki átt við nema sum ákvæði hennar.
- 2) Sama frvgr. virðist gera ráð fyrir því, að kjósandi megi ekki endurtaka utankjörfundaratkvæðagreiðslu sína, nema hann fái sér áður afhent hið fyrri atkvæði sitt, en það getur verið óframkvæmanlegt fyrir það, að atkvæðið sé í fjarlægð, sem er jafnvel tíðara en hitt, auk þess sem þetta stangast við ákvæði kosningalaganna um að utankjörfundaratkvæði, sem geymd eru í innsigliðum atkvæðakassa, verði ekki afhent.
- 3) Ef þetta ákvæði á að ná tilgangi sínum, verður bersýnilega í þessu sambandi að gera undantekningar frá banni kosningalaganna við því, að kjósandi sendi frá sér fleiri utankjörfundaratkvæði en eitt við hinar sömu alþingiskosningar.
- 4) Á því stigi málsins, þegar um það er að ræða, hverjum frambjóðanda eigi að teljast utankjörfundaratkvæði, verður ekki séð, hvenær það atkvæði hefir verið greitt, og er hér auðsæ hugsunarvilla í frvgr.
- 5) Með því að setja öll nauðsynleg ákvæði þessu viðvikjandi í eina gr. kosningalaganna, ruglast hin kerfisbundna niðurskipun þeirra, sem á sínum tíma var reynt að vanda sem bezt, til hagræðis fyrir alla þá, sem þessi flóknu lög eiga að framkvæma, og miklu varðar um, að framkvæmd séu með nákvæmni.

Fyrir Alþingi 1936 lá frv. til laga um breyt. á 24. gr. kosningalaganna, af tilefni hæstaréttardóms, sem leitt hafði í ljós þann galla þeirrar greinar, að ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn að liðnum kærufresti setur á kjörskrá menn, sem ekki eiga kosningarrétt, getur verið ógerningur að fá þá tekna út af kjörskrá aftur, og það þó að tvímælalaust sé, að á kjörskrá eigi þeir ekki að vera. Frv. þetta, sem miðar að því að bæta úr þessum ágalla, náði ágreiningslausu samþykki allsherjarnefndar neðri deildar, svo og neðri deildar Alþingis, en dagaði uppi í Ed. Þykir allsherjarnefnd sjálfsgat að nota nú tækifærið og leiðrétta kosningalögin einnig að þessu leyti.

Samkv. framansögðu leyfir allshn. sér að bera fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Framan við 1. gr. frv. bætist ný gr., er verði 1. gr., svo hljóðandi:

24. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefir ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómurinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

2. Í stað 1. gr. frv. komi 6 greinar, svo hljóðandi:
- a. (2. gr.) Aftan við 43. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Ef frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir framboðið í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum hreppstjórnnum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni).
 - b. (3. gr.) Síðari málsg. 66. gr. laganna orðist svo:
Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefir greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 75. gr.), annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð, eða varðveitt í inn-sigluðum atkvæðakassa.
 - c. (4. gr.) Aftan við 100 gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda (sbr. 32. og 66. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.
 - d. (5. gr.) Aftan við 2. tölul. 110. gr. laganna bætist: (sbr. þó 112. gr.).
 - e. (6. gr.) Aftan við 112. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Utankjörfundaratkvæði greitt látnum frambjóðanda skal, ef annar hefir boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., teljast greitt hinum síðari frambjóðanda.
 - f. (7. gr.) Aftan við 11. tölul. 147. gr. laganna bætist: (sbr. þó 66. gr.).
3. 2. gr. frv. falli burt.
4. 3. gr. frv. verði 8. gr.

Alþingi, 18. nóv. 1937.

Bergur Jónsson,	Vilm. Jónsson,	Gisli Guðmundsson.
form.	fundaskr., frsm.	
Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.	